

Nr. 83

17. júní 2014

**FORSETABRÉF
um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman hið fyrsta til að fjalla um fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir flugvirkja sem starfa hjá Icelandair og hefjast eiga fimmtudaginn 19. júní og munu valda mikilli röskun flugsamgagna milli Íslands og annarra ríkja.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 18. júní kl. 3 síðdegis.

Gjört á Bessastöðum, 17. júní 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

A-deild – Útgáfud.: 17. júní 2014